

**ÁRSSKÝRSLA
HÆSTARÉTTAR ÍSLANDS
2018**

Inngangur

Hér getur að líta ársskýrslu Hæstaréttar Íslands. Í henni er að finna upplýsingar um starfsemi réttarins á árinu 2018. Eins og undanfarin ár er skýrslan einungis birt á heimasíðu réttarins.

Frá því að Hæstiréttur var stofnaður árið 1920 og til ársloka 2017 gegndi hann tvíþættu hlutverki, var annars vegar áfrýjunardómstóll og hins vegar fordæmisgefandi dómstóll. Hinn 1. janúar 2018 tóku gildi ný lög um dómstóla nr. 50/2016. Samkvæmt þeim var dómstólaskipan landsins breytt og stofnað nýtt millidómstig, Landsréttur, sem tók við því hlutverki Hæstaréttar að vera áfrýjunardómstóll. Hlutverk Hæstaréttar verður því í framtíð að vera fordæmisgefandi dómstóll.

Við gildistöku nýrra laga um dómstóla var ákveðið að Hæstiréttur skyldi dæma í þeim einkamálum sem til hans var áfrýjað fyrir árslok 2017, en ódæmd sakamál skyldu send Landsrétti til meðferðar.

Í tölulegum upplýsingum í skýrslu þessari verður fyrst gerð grein fyrir afgreiðslum á óloknum málum í árslok 2017 og síðan gerð grein fyrir upplýsingum um mál sem bárust Hæstarétti samkvæmt nýrri dómstólaskipan.

31. janúar 2019

Þorsteinn A. Jónsson
skrifstofustjóri
Hæstaréttar Íslands

Afgreiðslur eldri mála á árinu 2018

Í árslok 2017 voru ólokin sakamál 77 og voru 75 þeirra send Landsrétti til meðferðar, en tvö sakamál sem voru endurupptekin voru til meðferðar hjá Hæstarétti og var öðru þeirra lokið á árinu 2018, það mál dæmdu fimm dómara. Ólokin einkamál voru 270 og lauk meðferð þeirra allra á árinu 2018. Síðustu dómarnir voru kveðnir upp í byrjun desember. Í þessum 270 málum gengu dómara í 249 málum en 21 mál var fellt niður. Í 46 málum dæmdu fimm dómara, en 203 mál dæmdu þrjú dómara. Ekkert mál var flutt fyrir sjö dómurum. Af þessum 249 málum var niðurstaða héraðsdóms staðfest í 154 málum eða 62%, breytt að einhverju leyti í 22 málum eða 9%, breytt verulega eða snúið við í 51 máli eða 20% og niðurfellt, ómerkt eða vísað frá héraðsdómi í 22 málum eða 9%. Í þessum málum skiluðu dómara 7 sinnum sératkvæðum og var 4 sinnum um aðra niðurstöðu að ræða og 3 sinnum um aðra niðurstöðu að hluta.

Í árslok 2017 voru 23 kærsmål ódæmd og voru þau öll dæmd í ársbyrjun 2018. Í 14 málum eða 61% tilvikum var niðurstaða héraðsdóms staðfest, í 6 málum eða 26% tilvikum var niðurstöðu breytt verulega eða snúið við og í 3 málum eða 13% tilvikum var niðurstaðan ómerkt eða málinu vísað frá héraðsdómi eða Hæstarétti.

Ný mál árið 2018

Eins og áður er komið fram tók ný dómstólaskipan gildi 1. janúar 2018 og samkvæmt breytingum á réttarfarslöggjöf sem öðlaðist gildi sama dag verður framvegis einungis unnt að kæra eða áfrýja málum til Hæstaréttar að fengnu leyfi réttarins. Í undantekningartilvikum er þó unnt að kæra úrskurði Landsréttar til Hæstaréttar án leyfis.

Beiðnir um áfrýjunar- eða kæruleyfi árið 2018

Á árinu 2018 bárust 69 beiðnir um kær- eða áfrýjunarleyfi og skiptast beiðnirnar þannig eftir því hvort beðið var um áfrýjunarleyfi vegna einkamáls, sakamáls eða kæruleyfi.

	2018
Áfrýjunarleyfi - einkamál	33
Áfrýjunarleyfi - sakamál	14
Kæruleyfi	22
Alls	69

Hér fyrir neðan er yfirlit yfir afgreiðslur á beiðnum um áfrýjunar- og kæruleyfi og lykilorð afgreiddra beiðna.

Áfrýjunarleyfi – einkamál

	2018
Fjöldi beiðna	33
Samþykkt	12
Hafnað	17
Fellt niður	0
Óafgreitt í árslok	4

Lykilorð afgreiddra beiðna um áfrýjunarleyfi í einkamálum voru:

Reglugerðarheimild	10
Skaðabótamál	6
Börn	3
Fasteignakaup	2
Meiðyrði	2
Vátrygging	1
Skuldabréf	1
Lögbann	1
Hluthafasamkomulag	1
Kjarasamningur	1
Aðild	1

Áfrýjunarleyfi - sakamál

	2018
Fjöldi beiðna	14
Samþykkt	1
Hafnað	13
Felld niður	0
Óafgreitt í árslok	0

Lykilorð afgreiddra beiðna um áfrýjunarleyfi í sakamálum voru:

Dómari	3
Skattalagabrot	3
Kynferðisbrot	2
Reglugerðarheimild	1
Höfundarréttur	1
Tilraun til manndráps	1
Brot gegn valdstjórninni	1
Líkamsárás	1
Umboðssvik	1

Kæruleyfi

	2018
Fjöldi beiðna	22
Samþykkt	2
Hafnað	13
Fellt niður	3
Óafgreitt í árslok	4

Lykilorð afgreiddra beiðna um kæruleyfi voru:

Opinber skipti	4
Gjaldþrotaskipti	3
Nauðungarsala	3
Felld niður	3
Útburðargerð	1
Málskostnaðartrygging	1
Hæfi dómara	1
Fjárnám	1
Réttindasvipting	1

Af 69 beiðnum um áfrýjunar- og kæruleyfi var 61 beiðni afgreidd á árinu 2018. Af þeim voru 15 samþykktar eða 24,6%. Alls voru 8 beiðnir óafgreiddar í árslok 2018

Ný mál árið 2018

Hér fyrir neðan er yfirlit yfir fjölda skráðra mála á árinu 2018. Málunum er skipt upp í áfrýjuð einkamál, áfrýjuð sakamál, kærð einkamál og kærð sakamál.

	2018
Áfrýjuð einkamál	12
Áfrýjuð sakamál	5
Kærð einkamál	16
Kærð sakamál	5
	38

Af áfrýjuðum sakamálum voru þrjú mál framsend Landsrétti til meðferðar í samræmi við 1. mgr. 78. gr. laga nr. 49/2016, sbr. 4. gr. laga nr. 53/2017.

Dómar í nýskráðum málum á árinu 2018

Af 38 nýskráðum málum árið 2018 gengu dómar í 18 málum. Um síðustu áramót voru 16 af þessum málum óafgreidd, en eins og áður segir voru þrjú mál framsend Landsrétti og eitt mál fellt niður. Auk þessara mála var eitt sakamál sem endurupptekið var árið 2016 enn óafgreitt um síðustu áramót. Sem fyrr er dómum skipt upp eftir því hvort um sé að ræða áfrýjuð einkamál, áfrýjuð sakamál, kærð einkamál eða kærð sakamál.

	2018
Áfrýjuð einkamál	0
Áfrýjuð sakamál	1
Kærð einkamál	12
Kærð sakamál	5
	18

Lykilorð í dæmdu áfrýjuðu sakamáli var:

Dómari	1
--------	---

Lykilorð í dæmdum kærðum einkamálum voru:

Kæruheimild	4
Félagsdómur	1
Frávísunarúrskurður staðfestur	2
Endurupptaka	1
Hæfi dómara	1
Málskostnaðartrygging	1
Nauðungarsala	1
Stjórnvaldsákvörðun	1

Lykilorð í dæmdum kærðum sakamálum voru:

Hæfi dómara	2
Kæruheimild	2
Gæsluvarðhald	1

Dómarar

Frá stofnun Hæstaréttar hafa 50 einstaklingar verið skipaðir í embætti hæstaréttardómara. Þar af voru 7 dómarar skipaðir á árunum 2010 - 2017. Á árunum 2000 – 2009 voru 6 dómarar skipaðir í embætti, 16 dómarar á árunum 1980-1999, 10 dómarar á árunum 1960-1979, en einungis hlutu 11 dómarar skipun á þeim 40 árum sem liðu frá stofnun réttarins árið 1920 til ársins 1959. Helgast þessi fjölgun á skipunum hæstaréttardómara meðal annars af því að reglur um fjölda hæstaréttardómara hafa breyst í gegnum tíðina. Þegar Hæstiréttur Íslands var stofnaður skyldi dómstjóri og fjórir meðdómendur skipa dóminn. Mátti þá eigi setja dóm með færri dómendum en fimm. Dómurum við Hæstarétt var fækkað í þrjá með lögum nr. 37/1924. Með lögum nr. 111/1935 var dómurum aftur fjölgað í 5, en þeir skyldu þó aðeins vera 3, þangað til fé yrði veitt í fjárlögum til fjölgunar dómurum. Komst það til framkvæmda 1945. Dómurum var fjölgað með lögum nr. 42/1973 í 6, en 5 dómarar skyldu þá skipa dóm. Þó var heimilt að 3 dómarar dæmdu í málum við tiltekin skilyrði. Með lögum nr. 24/1979 var dómurum fjölgað í 7 og með lögum nr. 67/1982 var dómurum fjölgað í 8. Með lögum nr. 39/1994 var dómurum síðan fjölgað í 9. Með lögum nr. 12/2011 var dómurum fjölgað tímabundið í 12. Frá 1. mars 2014 voru dómararnir aftur orðnir 9. Með lögum nr. 37/2015 var dómurum fjölgað tímabundið í 10. Með lögum nr. 50/2016 var dómurum fækkað í 7 án þess þó að raska stöðu þeirra sem þegar höfðu verið skipaðir eða settir. Á árinu 2018 höfðu eftirtaldir dómarar fasta skipun í embætti hæstaréttardómara:

Benedikt Bogason hæstaréttardómari (í leyfi frá 1. september 2018)

Greta Baldursdóttir hæstaréttardómari

Helgi I. Jónsson hæstaréttardómari (í leyfi til 30. júní 2018)

Karl Axelsson hæstaréttardómari

Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari

Ólafur Þorkur Þorvaldsson hæstaréttardómari

Viðar Már Matthíasson hæstaréttardómari

Þorgeir Örlygsson hæstaréttardómari.

Guðrún Erlendsdóttir fyrrverandi hæstaréttardómari var sett hæstaréttardómari frá 6. febrúar til 31. mars 2018.

Garðar Gíslason fyrrverandi hæstaréttardómari var settur hæstaréttardómari frá 1. apríl til 30. júní 2018.

Á árinu 2016 var Þorgeir Örlygsson kjörinn forseti Hæstaréttar til fimm ára frá 1. janúar 2017 og Helgi I. Jónsson varaforseti.

Aðrir starfsmenn Hæstaréttar

Á árinu 2018 störfuðu alls 13 aðrir starfsmenn hjá Hæstarétti Íslands.

Aníta Gísladóttir ritari (til 15. apríl 2018)
Björn Hólm Magnússon dómvörður (til 4. nóvember 2018)
Guðlaug Jónasdóttir aðstoðarmaður hæstaréttardómara (til 30. september 2018)
Gunnlaugur Geirsson aðstoðarmaður hæstaréttardómara (frá 1. september 2018)
Hilda Valdemarsdóttir aðstoðarmaður hæstaréttardómara (til 9. ágúst 2018)
Ingibjörg Gunnarsdóttir ritari (frá 5. mars til 30. september 2018)
Kristín Ísleifsdóttir ritari
Kristján Ólason dómvörður
María Káradóttir aðstoðarmaður hæstaréttardómara
Sólveig Bjarnadóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur
Teitur Már Sveinsson aðstoðarmaður hæstaréttardómara
Tinna Björk Kristinsdóttir aðstoðarmaður hæstaréttardómara
Þorsteinn A. Jónsson skrifstofustjóri

Varadómarar

Eftirtaldir varadómarar voru kallaðir til starfa á árinu 2018:

Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor
Aðalsteinn E. Jónasson landsréttardómari
Arnfríður Einarsdóttir landsréttardómari
Arngrímur Ísberg héraðsdómari
Árni Kolbeinsson fyrrverandi hæstaréttardómari
Ása Ólafsdóttir prófessor
Ásgeir Magnússon dómstjóri
Ásmundur Helgason landsréttardómari
Eggert Óskarsson fyrrverandi héraðsdómari
Eiríkur Tómasson fyrrverandi hæstaréttardómari
Eyvindur G. Gunnarsson prófessor
Garðar Gíslason fyrrverandi hæstaréttardómari
Guðmundur Sigurðsson prófessor
Guðrún Erlendsdóttir fyrrverandi hæstaréttardómari
Gunnar Aðalsteinsson dómstjóri
Gunnlaugur Claessen fyrrverandi hæstaréttardómari
Hildur Briem héraðsdómari
Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari
Ingibjörg K. Benediksdóttir fyrrverandi hæstaréttardómari
Ingibjörg Þorsteinsdóttir héraðsdómari
Ingimundur Einarsson héraðsdómari
Ingveldur Einarsdóttir landsréttardómari
Jóhannes Sigurðsson landsréttardómari
Jón Finnbjörnsson landsréttardómari
Kristbjörg Stephensen landsréttardómari

Oddný Mjöll Arnardóttir landsréttardómari
Ragnheiður Bragadóttir landsréttardómari
Ragnheiður Harðardóttir landsréttardómari
Ragnhildur Helgadóttir prófessor
Sigurður Tómas Magnússon landsréttardómari
Símon Sigvaldason dómstjóri
Skarphéðinn Þórisson hæstaréttarlögmaður
Skúli Magnússon héraðsdómari
Stefán Már Stefánsson fyrrverandi prófessor
Valtýr Sigurðsson fyrrverandi ríkissaksóknari
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson landsréttardómari
Þorgeir Ingi Njálsson landsréttardómari

Heimasíða Hæstaréttar

Dómar Hæstaréttar hafa verið aðgengilegir almenningi á heimasíðu réttarins frá janúar 1999. Í upphafi árs 2004 voru síðan gerðar breytingar á heimasíðunni með það að markmiði að auðvelda og einfalda aðgengið enn frekar. Á heimasíðunni eru auk dóma réttarins upplýsingar um afgreiðslu á málskotsbeiðnum, dagskrá réttarins, skráð mál og fréttir sem tengjast starfsemi réttarins. Þá eru þar ýmsar almennar upplýsingar er varða starfsemi réttarins.

Hinn 11. júlí 2016 opnaði Hæstiréttur Íslands nýja vefsíðu sem var fyrsta heildstæða endurskoðun heimasíðunnar frá því að hún var tekin í notkun árið 1999. Markmiðið með nýjum vef var að auðvelda og einfalda aðgengið enn frekar. Auk breytinga á útliti og aðgengi var leitin á vefsíðunni bætt og ítarlegri upplýsingar skráðar um hvert mál. Þá er heimasíðan orðin skjalanleg og nýtist því í snjalltækjum.

Á meðal nýjunga er svokölluð vöktun. Lögmenn og aðrir sem vilja fylgjast með málum eða dagskrá réttarins geta sett viðkomandi mál, eitt eða fleiri, í vöktun. Vöktunin felur í sér að tölvupóstur berst á skráð netfang þegar breytingar verða á stöðu mála, t.d. þegar mál er sett á dagskrá, breyting verður á málflutningsdegi, mál er tekið af dagskrá eða mál fær uppkvaðningardag. Einu sinni á sólarhring er eru þessar breytingar uppfærðar og tölvupóstur sendur. Dagskrárupplýsingar einstakra mála er einnig hægt að bæta við eða færa inn í dagatöl. Málflytjendum er hægt að fletta upp í fellilista inni á dagskráarsvæðinu eftir völdum tímabilum.

Dómasafn Hæstaréttar

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla skulu dómar Hæstaréttar gefnir út, en um tilhögun útgáfunnar fer eftir ákvörðun Hæstaréttar að höfðu samráði við dómstólasýsluna. Dómasafn Hæstaréttar var gefið út á prenti frá því rétturinn tók til starfa árið 1920 og til 2006. Vegna kostnaðar og fárra áskrifenda eru ekki líkur á að dómar réttarins verði aftur gefnir út í prentuðu formi. Eins og fram hefur komið eru dómar Hæstaréttar frá 1. janúar 1999 einnig birtir á vefsíðu réttarins.

Bæklingur Hæstaréttar

Gefinn er út á vegum Hæstaréttar litprentaður bæklingur, þar sem stiklað er á stóru í sögu réttarins, starfsemi hans reifuð og dómhúsið við Arnarhól kynnt. Bæklingurinn er gefinn út á íslensku og ensku og er fánlegur endurgjaldslaust á skrifstofu Hæstaréttar.

Ársskýrsla Hæstaréttar

Á vegum Hæstaréttar voru á árunum 1999 – 2004 gefnar út prentaðar ársskýrslur, en þar er að finna upplýsingar um starfsemi réttarins fyrir hvert ár. Þessar ársskýrslur er einnig að finna á heimasíðu réttarins. Frá árinu 2005 hefur ársskýrslan ekki verið gefin út í prentuðu formi heldur einungis birt á heimasíðu réttarins.

Prófmál

Samkvæmt lögum nr. 77/1998 um lögmenn, sbr. lög nr. 93/2004, skyldi sá sem öðlast vildi réttindi til að vera hæstaréttarlögmaður m.a. sýna fram á það með prófraun, sem fólst í munnlegum flutningi fjögurra mála, sem flutt voru í Hæstarétti fyrir fimm eða sjö dómurum, þar af a.m.k. tveggja einkamála, að hann væri hæfur til að öðlast réttindin. Þetta fyrirkomulag öðlaðist gildi 1. nóvember 2004 og gildi til 31. desember 2017. Í bráðabirgðaákvæði II í lögum um lögmenn, sbr. 9. gr. laga nr. 90/2017, segir að hafi lögmaður fyrir 1. janúar 2018 lokið a.m.k. einu prófmáli fyrir Hæstarétti sé honum heimilt að ljúka öflun málflytningaréttinda fyrir Hæstarétti með flutningi prófmála eftir þeim reglum sem giltu fyrir það tímamark, enda sé um að ræða mál sem áfrýjað hafði verið til Hæstarétti fyrir 1. janúar 2018. Á árinu 2018 fluttu 18 prófmenn alls 32 prófmál samkvæmt þessari reglu.

Á árinu 2018 luku 14 lögmenn með réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi prófraun fyrir Hæstarétti samkvæmt framangreindu bráðabirgðaákvæði.

Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. a í lögum um lögmenn, sbr. 60. gr. laga nr. 117/2016, öðlast menn í framtíðinni rétt til að flytja mál fyrir Hæstarétti með því að hafa haft réttindi í tilgreindan tíma til að flytja mál fyrir Landsrétti og hafa flutt nánar tilgreindan fjölda mála þar.

Gestakomur

Á hverju ári koma fjölmargir gestir í heimsókn í húsnæði Hæstaréttar til að hlusta á málflytning, vera viðstaddir dómsuppsögu, skoða húsnæði réttarins eða koma í heimsókn í skipulögðum hópum og fá leiðsögn þar sem húsnæði réttarins er sýnt og sagt frá starfsemi réttarins. Á árinu 2018 voru þessir gestir 1.330. Hér eru ekki taldir málflytjendur eða aðrir sem eiga erindi við afgreiðslu réttarins eða starfsmenn.

Tilnefningar

Á hverju ári tilnefnir eða skipar Hæstiréttur Íslands í stjórnir, ráð og nefndir á grundvelli laga. Eftirfarandi er yfirlit yfir tilnefningar og skipanir réttarins á árinu 2018.

10. janúar 2018

Endurupptökunefnd.

Aðalmaður:

Gizur Bergsteinsson lögmaður eða Steinunn Guðbjartsdóttir lögmaður

10. janúar 2018

Fjölmiðlanefnd.

Aðalfulltrúi:

Finnur Beck lögfræðingur

29. janúar 2018

Kærunefnd jafnréttismála – ad hoc.

Björn Jóhannesson lögmaður

7. febrúar 2018

Endurupptökunefnd.

Varamaður:

Erla S. Árnadóttir lögmaður

7. mars 2018

Endurupptökunefnd – ad hoc.

Valborg Þ. Snævarr lögmaður

7. mars 2018

Endurupptökunefnd – ad hoc.

Björn Jóhannesson lögmaður

7. júní 2018

Úrskurðarnefnd náttúruhamfaratrygginga.

Aðalmaður:

Eiríkur Jónsson prófessor

Varamaður:

Valgerður Sólmes aðjúnt

13. júlí 2018

Dómnefnd til að fjalla um hæfni umsækjanda um embætti dómara.

Aðalmaður:

Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor eða Ingimundur Einarsson héraðsdómari

Varamaður:

Ólafur Hauksson héraðssaksóknari eða Áslaug Árnadóttir lögmaður

3. ágúst 2018

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála – ad hoc.

Björn Jóhannesson lögmaður

10. október 2018

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Formaður

Björn Jóhannesson lögmaður

12. október 2018

Kærunefnd jafnréttismála.

Formaður:

Arnaldur Hjartarson héraðsdómari eða Steinunn Guðbjartsdóttir lögmaður

Almennar upplýsingar

Samkvæmt 10. gr. dansk-íslensku sambandslaganna nr. 39/1918 skyldi Hæstiréttur Danmerkur hafa á hendi æðsta dómssvald í íslenskum málum, þar til Ísland kynni að ákveða að stofna æðsta dómstól í landinu sjálfu. Þessi heimild var notuð umsvifalaust og var Hæstiréttur Íslands stofnaður með lögum nr. 22/1919 um hæstarétt. Samhliða því að dómssvald Hæstaréttar Danmerkur var afnumið var Landsyfirrétturinn, sem settur hafði verið á stofn árið 1800, lagður niður. Hæstiréttur Íslands tók til starfa 16. febrúar 1920.

Um Hæstarétt giltu á árinu 2018 lög nr. 50/2016 um dómstóla. Samkvæmt 1. gr. þeirra laga er Hæstiréttur Íslands æðsti dómstóll landsins og hefur aðsetur í Reykjavík. Dómþing skulu haldin í Reykjavík nema sérstök ástæða sé til annars.

Málum verður skotið til Hæstaréttar með tvenns konar hætti: Annars vegar með áfrýjun máls og hins vegar með kæru. Með áfrýjun er átt við það, að lokaúrlausn Landsréttar, í undantekningartilvikum héraðsdóms, sé skotið til Hæstaréttar til endurskoðunar. Máli verður ekki áfrýjað til Hæstaréttar nema að fengnu leyfi réttarins.

Með kæru er almennt átt við það, að úrlausn Landsréttar, sem ekki bindur enda á mál að efni til og yfirleitt er í formi úrskurðar eða ákvörðunar, sé skotið til Hæstaréttar. Í sumum tilvikum verður þó endanlegum úrlausnum Landsréttar skotið til Hæstaréttar með kæru, en ekki með áfrýjun, einkum úrlausnum sem varða gildi svokallaðra fullnustugerða sýslumanna, t.d. aðfarargerða og nauðungarsölu. Úrlausnir Landsréttar verða aðeins kærðar til Hæstaréttar að fengnu kæruleyfi réttarins nema í undantekningartilvikum.

Samkvæmt ákvörðun forseta Hæstaréttar taka fimm dómarar hverju sinni þátt í meðferð máls fyrir Hæstarétti. Í sérlega mikilvægum málum getur forseti ákveðið að sjö dómarar skipi dóm. Áfrýjuð mál eru almennt flutt munnlega fyrir Hæstarétti. Meðferð kærumála er mjög frábrugðin meðferð áfrýjaðra mála. Felast frávikin aðallega í því að málsmeðferð er yfirleitt skrifleg og gengur mun skjótar fyrir sig en meðferð áfrýjaðra mála.

Dómar Hæstaréttar eru endanlegir og verður þeim ekki skotið til annars dómstóls. Mál sem dæmt hefur verið í Hæstarétti verður því aðeins endurskoðað, að Endurupptökunefnd ákveði að það skuli endurupptekið og tekið til meðferðar að nýju. Heimildum til endurupptöku mála er almennt skorinn nokkuð þröngur stakkur og er þær að finna í XXXIV. og XXXV. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og XXVIII. og XXIX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Upplýsingar um sögu Hæstaréttar, starfsemi, starfsfólk og dómhúsið má finna á heimasíðu réttarins. Þá hefur eins og áður segir verið gefinn út litprentaður bæklingur þar sem stiklað er á stóru í sögu réttarins, starfsemi hans reifuð og húsakostur kynntur.